

Nd.

733. Breytingartillögur

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 78 29. des. 1967 og l. nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 9. gr. Í stað orðanna „í eigu manna“ í 2. tl. komi: í eigu innlendra manna.
2. Við 13. gr. Aftan við gr. bætist nýr tl., er verði 5. tl. og orðist svo:
Á eftir 4. mgr. 16. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:
Auk frádráttar samkv. 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi $\frac{1}{5}$ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.